

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður eftirfarandi:
Reglugerð um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Í 3. másl. 1. mgr. 8. gr. komi í stað fjárhæðarinnar „96.230“ fjárhæðin „112.000“.

4. gr.

Í 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. komi í stað orðanna „sérstakrar heimilisuppbótar“ orðið „tekju-tryggingarauka“.

Í 2. másl. 2. mgr. 9. gr. komi í stað orðanna „sérstakrar heimilisuppbótar“ orðið „tekju-tryggingarauka“.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.